**Ed.** **389. Frumvarp til laga** [78. mál]

um breyting á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. marz.)

1. gr.

Aftan við 1. málslið 2. mgr. 1. gr. laganna komi:

Ráðuneytinu er heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi vörubifreiðastjórafélags, sem hefur tvö eða fleiri sveitarfélög að félagssvæði, að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflutninga innan félagssvæðisins, enda komi til meðmæli þeirra sýslunefnda og bæjarstjórna, sem félagssvæðið fellur undir. Eigi er heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og kauptúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 29 14. maí 1958 inn í lög nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um leigubifreiðar.